

Læsi í víðum skilningi

Öll börn og ungmenni hafi öðlast hæfnina til að lesa sér til gagns, náð nauðsynlegri leikni í öllum þáttum læsis sem gerir þeim kleift að vera sjálfstæðir, ábyrgir og virkir þátttakendur í samfélaginu.

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á virkan hátt með ritað mál; orð, tölur, myndir og tákni, sem og að ráða í merkingu þeirra fyrirbæra sem við skynjum í umhverfi okkar. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla (miðlalæsi, miðlamente) og stafræns læsis. Góð læsisfærni er þannig lykill og forsenda að skilningi á nánasta umhverfi og samfélagi. Örar samfélagsbreytingar og tækniþróun hafa breytt því umhverfi sem skapar börnum og ungmennum merkingu við lestur og ritun. Meginmarkmið læsis er að börn og ungmenni verði „virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á“ (Aðalnámskrá 2011).

Ýmsar vísbendingar eru um að lestrarhegðun barna og unglunga sé að breytast, færast frá bókum yfir á skjái, frá íslensku yfir á ensku, frá orðum yfir á mynd og hljóð. Það er því sérstaklega mikilvægt að tryggja að börn öðlist góða læsisfærni. Í þessu tilliti er sérstaklega mikilvægt að gefa börnum með annað móðurmál en íslensku sérstakan gaum, til dæmis með móðurmálskennslu og öðrum málörvandi viðfangsefnum. Í menntastefnunni er miðað við að fast verði fylgt eftir læsisstefnu leikskóla, læsisstefnu Reykjavíkur og tillögum fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings meðal barna og ungmenna í skólum Reykjavíkurborgar.¹

Eftirfarandi leiðir og áherslur til að efla læsi í víðum skilningi hafa einnig verið nefndar í undirbúningsferli þessarar stefnumótunar:

- reyna á lesskilning, talna- og fjármálalæsi, gagnrýna hugsun og vísinda- og upplýsingalæsi í tengslum við sem flestar námsgreinar og ólíka miðla.
- vekja áhuga barna á íslensku máli, eðli þess og hegðun með því að færa áherslur í kennslu og mati frá hugtökum til málsins sjálfs.
- börn og ungmenni fái tækifæri til að fylgjast með málefnum líðandi stundar, ræða þau og brjóta til mergjar.
- þjálfa börn í að beita mismunandi málsniði eftir aðstæðum, átta sig á því hvernig málið þróast og breytist og hver staða þess er í samfélaginu.
- nýta miðla og upplýsingatækni til gagns, þekkja kosti þeirra og galla og samskiptareglur á samskiptamiðlum.

¹ Tillögur fagráðsins voru um 1) skýra stefnumörkun og markvissa eftirfylgd með árangri í læsi, 2) stuðning, ráðgjöf, símenntun og starfsþróun leik- og grunnskólakennara, 3) áherslu á snemmtæka íhlutun, 4) samstarf skólastiga og 5) markvissa lestrarkennslu í öllum árgöngum grunnskólans. Sjá nánar á þessari slóð: http://reykjavik.is/sites/default/files/fagrada_laesi_skyrsla_loka.pdf